

Snæfellsbær
Davíð Viðarsson
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær



Reykjavík 12. september 2016
UST201609-023/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - hótél Búðir. Umsögn


Ísáð er til bréfs Snæfellsbæjar dags. 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Í umræddu deiliskipulagi er gert ráð fyrir stækkun núverandi hótels og gerð skólphreinsistöðvar, stækkun bílastæðis og færslu aðkomuvegar að Búðakirkju þannig að vegur og bílastæði verða betur aðgreind en nú er. Umhverfisstofnun telur æskilegt að við færslu vegarins verði viðhöfð sambærileg vinnubrögð og þegar núverandi vegur var lagfærður. Hótelið verður ekki stækkað innan 50 metra línu frá sjó. Framkvæmdir verða allar innan lóðar hótelsins að undanskildum framkvæmdum við veg og bílastæði sem að hluta verða utan lóðar hótelsins. Vegna framkvæmda á því svæði telur Umhverfisstofnun að sækja þurfi sérstaklega um leyfi stofnunarinnar sbr. 1. gr. Auglýsingar um friðland í Búðahrauni, en þar segir: „*Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.*“

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag, enda hefur verið brugðist við ábendingum stofnunarinnar á fyrri stigum skipulagsvinnunar. Umhverfisstofnun vill beina þeim tilmælum til Snæfellsbæjar að ef upp koma hugmyndir um byggingar sambærilegra mannvirkja við eða á friðlýstum svæðum verði lögð áhersla á metnaðarfulla byggingarlist og tillit verði tekið til sérkenna viðkomandi svæða og þoli þeirra fyrir umfangsmiklum mannvirkjum.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur